

Fundargerð

Mánudaginn 17. Desember 2018, kl. 11:30- var fundur haldinn í stjórn **Byggðasamlags um menningu og atvinnumál A-Hún.** Fundarstaður Hnjúkabyggð 33 á Blönduósi. Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Magnús Björnsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, og Valdimar O. Hermannsson. Valdimar ritaði fundargerð. Sigrún Hauksdóttir var við liði 2 og 3.

Halldór G. Ólafsson, formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá síðasta stjórnarfundum 9/11., undirrituð en hún hafði áður verið send út og samþykkt með tölvupóstum. Þá var minnst á viðræðufund stjórnar með Ráðrík ehf., sem var 20/11. Valdimar mun senda fundargerð/minnisblað frá þeim fund.

2. Fjárhagsáætlun 2019.

Sigrún Hauksdóttir, aðalbókari Blönduósbæjar, fór yfir þau drög að fjárhagsáætlun sem unnin hafði verið, og send út fyrir fund. Farið var yfir helstu forsendur og hvaða liðum hafði verið breytt frá fyrri áætlun, sem nær yfir Héraðsskjalasafnið, Textílsetrið og Þekkingarsetrið sem bæði eru rekin í gamla Kvennaskólanum. Þá var farið yfir allmarga liði, í áætluninni, og mörgum þeirra breytt ýmist til lækkunar eða hækkunar. Rætt var um innri leigu í húsnæði tengt Kvennaskólanum, og hvernig mætti láta hana koma betur fram. Einnig var rætt um mögulega leigu á endurgerðum kennarabústað, m.a. til þess að ná inn tekjum. *Samþykkt var að árlegur styrkur til Heimilisiðnaðarsafnsins yrði kr. 6 milljónir, fyrir árið 2019, sem er hækkun um 500 þús. Fjárhagsáætlun með þeim breytingum sem gerðar voru á fundi var samþykkt, og verður send til stjórnarmanna eftir fundinn.*

3. Ferðamálafulltrúi A-Hún.

Valdimar fór yfir forsendur að þeirri hugmyndir sem rætt hefur verið um að sameiginlegur Ferðamálafulltrúi A.Hún., sem nú heyrir undir Ferðamálafélag A-Hún., myndi færast undir BMA, frá næstu áramótum, eða sem fyrst á árinu 2019, þar sem nú standa öll sveitarfélög, í sýslunni, að baki Ferðamálafulltrúa, en voru það ekki í upphafi, þegar til þessa verkefnis var stofnað. *Stjórn BMA, telur að stefna skuli að yfirfærslunni eftir nánari skoðun, þó svo það náist ekki formlega frá áramótunum 2019.*

4. Önnur mál:

- Rætt var um að stjórn myndi funda hjá, eða heimsækja í tengslum við stjórnarfund, þá aðila sem tengjast BMA, svo sem Héraðsskjalasefnið, Heimilisiðnaðarsefnið ofl., aðila.
- Athuga með að fá Ferðamálafulltrúa A – Hún, á stjórnarfund fljótlega á næsta ári, til kynningar á starfseminni, og frekari viðræðna við stjórn um framtíðarskipulag starfseminnar.
- Þá var rætt, í tengslum við fjárhagsáætlun, m.a. um að skoða leigusamninga, og viðhald húsnæðis Kvennaskólans.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundur slitið kl. 13:30-
